

Guðlaugur Þór Þórðarsson
Ávarp ráðherra
Opnun endurhæfingarklúbbs fyrir öryrkja á Akranesi
26. mars 2008

Ágætu gestir.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með það verkefni sem verið er að hrinda af stað hér í dag.

Á undanförunum árum hefur verið vaxandi skilningur í samfélaginu á því að þeir sem búa við fötlun af einhverju tagi hafi þörf fyrir að fá aðgang að endurhæfingu, bæði félagslegri og læknisfræðilegri eftir atvikum.

Endurhæfingu í þeim skilningi orðsins sem miðast við að efla getu fólks, auka sjálfsbjörg og virkni í samfélagi manna. Það er nefnilega svo að geðfötlun er afturkræf. Það er ekki endanlegur dómur að búa við geðfötlun af völdum geðröskunar. Geðröskun getur verið yfirvinnanleg, tímabundin takmörkun og einstaklingur skyldi aldrei skilgreinast út frá takmörkunum sínum, heldur út frá getu sinni. Það er ósk mín að við berum gæfu til að innleiða slíka hugsun í okkar samfélag.

Við þurfum hins vegar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að einstaklingar sem missa starfsgetu og hæfni til samfélagsþátttöku vegna geðröskunar komist fljótt aftur í virkni og til samfélagsþátttöku. Þar gegnir endurhæfing lykilhlutverki.

Í mörgum tilvikum getur hluti af endurhæfingunni falist í því að eiga erindi út af heimilinu og eiga samfélag við annað fólk, auk þess að fást við skapandi viðfangsefni, allt eftir getu, áhuga og á forsendum hvers og eins.

Ekki eru mörg ár síðan að það að búa við geðröskun þótti fráhrindandi og mikill áfellsdómur fyrir einstaklinga og aðstandendur þeirra. Það var helst ekki talað um lyndisröskunina og afleiðingar hennar og fjölskyldur reyndu jafnvel að leyna ástandinu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Aðstæður í samfélagi okkar í dag eru breyttar þó aldrei megi gleyma því að baráttan gegn fordómum og mismunun er í eðli sínu endalaus og verður að vera sívirk. Opin umræða um geðheilbrigðismál er lykillinn að breyttu ástandi.

Nú þykir ekki eins mikið mál að segja frá því að hafa orðið veikur á geði og sem betur fer er langoftast um tímabundin veikindi að ræða. En stundum er geðröskun langvinn, og þá er mikilvægt að þeir sem ekki geta stundað vinnu á almennum vinnumarkaði geti fengið við önnur verkefni og haft hlutverk í samfélaginu. Slíkt veitir fólki styrk og stuðlar að uppbyggingu sjálfsmyndar og sjálfstrausts auk þess að gagnast okkur sem heild. Svo ekki sé talað um þá ánægju sem felst í því að vera í góðum félagsskap. Okkur ber að virða fjölbreytileikann, ekki bara í orði heldur einnig í verki.

Það verkefni sem hér er ýtt úr vör í dag er tilraun til að rjúfa einangrun, auka sjálfstæði og öryggi þeirra sem búa við geðfötlun og með því að ýta undir bata þeirra. Það er mér sönn ánægja að hafa fengið tækifæri til að stuðla að því gera þessa mikilvægu starfsemi að veruleika.

Ég vil óska öllum Akurnesingum til hamingu með daginn og vona að þeir sem hér munu starfa finni sig sem þátttakendur í fjölbreyttu og kraftmiklu samfélagi manna.

(Talað orð gildir)